

Ed.

414. Frumvarp til laga

[181. mál]

um breyting á lögum nr. 9 13. febr. 1970, um Iðnþróunarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningnum sem gerðar voru í Reykjavík 29. apríl 1980.

Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

A. 5. mgr. 2. liðs samningsins orðist svo:

Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða og lántöku sbr. 4. lið.

B. 4. liður samningsins orðist svo:

4. Starfshættir.

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

- a) að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila
- b) að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum.

Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu, tekjum og með lántökum og skulu lánveitingar ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og þess fjár er hann tekur að láni og forðast ónauðsynlega áhættu.

Í sérstöðum tilvikum er heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tækniástoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfénu. Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það verður í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða, sem hafa sama tilgang og sjóðurinn.

Sjóðurinn skal hafa náð samstarf við íslenskar lánastofnanir sem veita lán til iðnaðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með samningi ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, dagsettum 12. desember 1969, var stofnaður norrænn iðnþróunarsjóður fyrir Ísland. Eru því um þessar mundir liðin 10 ár frá stofnun sjóðsins. Stofnun hans skapaði á sínum tíma ný viðhorf varðandi möguleika íslenskra iðnfyrirtækja til að fjármagna uppbyggingu og endurnýjun.

Sjóðurinn hefur tekið virkan þátt í margvíslegum verkefnum til eflingar íslenskum iðnaði. Megin viðfangsefnið samkvæmt stofnsamningi er að efla útflutningsiðnað og auðvelda aðlögun að breyttum markaðsaðstæðum á innlendum markaði vegna tollalækkana við aðild Íslands að EFTA.

Ráðstöfunarfé sjóðsins frá upphafi hefur einungis verið stofnfé hans, sem nemur jafnvirði 14 milljóna Bandaríkjadala, auk árlegra vaxta og afborgana af veittum lánum.

Upphæð samþykktra lána nemur alls 6 059 millj. kr. á verðlagi hvers árs. Til samanburðar má nefna að upphæð útborgaðra lána, umreiknuð til verðlags ársins 1979 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, nemur 20 999 millj. kr.

Á eftirfarandi yfirliti er sýnt hvernig útlán skiptast milli einstakra iðngreina.

Hlutfallsleg skipting samþykktra lána 1970—1979.

1. Matvælaíðnaður	8.2
2. Vefjar- og fataíðnaður	25.6
3. Húsgagna- og innréttingaiðnaður	7.9
4. Pappirs- og umbúðaiðnaður	9.6
5. Skinna- og leðuriðnaður	1.7
6. Efnaiðnaður	9.1
7. Steinefnaiðnaður	3.5
8. Málmíðnaður	11.8
9. Skipasmíðaiðnaður	8.6
10. Annar iðnaður	7.5
11. Lán til annarra sjóða	6.6
Samtals	100.0

Af þessu yfirliti má sjá að hlutfallslega hafa flest lán og mest fjármagn verið lánað til vefjar- og fataíðnaðar, eða u. þ. b. 25%. Hér er fyrst og fremst um að ræða uppbyggingu í ullariðnaði, bæði ullarvinnslu og fataframleiðslu úr ull. Árangur þessarar uppbyggingar hefur hvað best komið í ljós á síðustu árum, en ullarafurðir eiga drýgstan þátt í þeirri aukningu á útflutningi iðnaðarvara sem orðið hefur á s. l. 10 árum.

Ef undan er skilinn vefjar- og fataíðnaður, skinna- og leðuriðnaður og hluti matvælaíðnaðar, þ. e. lagmetisiðnaður, þá hefur meginþorri lánveitinga verið til iðnaðar sem aðallega framleiðir fyrir innanlandsmarkað. Þar má fyrst nefna málmíðnaðinn, sem ásamt skipasmíðaiðnaði byggist að verulegu leyti á þjónustu og framleiðslu fyrir fiskveiðar og fiskvinnslu, og gegnir þannig mikilvægu hlutverki fyrir útflutningsframleiðslu landsins. Lán til umbúðaiðnaðar hafa með sama hætti lengst útflutningsframleiðslu, þar sem drjúgum hluta lánveitinga til þeirrar iðngreinar hefur verið varið til uppbyggingar á umbúðaframleiðslu fyrir fiskafurðir,

auk þess sem fiskumbúðir hafa verið fluttar út. Í heild má áætla að um 40% af lánnum sjóðsins hafi verið veitt vegna útflutningsiðnaðar og um 60% vegna heima-markaðsiðnaðar.

Til þessa hefur sjóðurinn getað annað eftirspurn lána til arðvænlegra framkvæmda í iðnaði. Nú er hins vegar svo komið, að fyrirsjáanlegt er að svo verði ekki næstu árin. Stafar það í fyrsta lagi af því að á þessu ári munu hefjast endurgreiðslur stofnfjárins og í öðru lagi vegna aukinnar eftirspurnar eftir lánsfé til framkvæmda í iðnaði. Vegna þessa var talin ástæða til að afla heimilda til lántöku til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til að endurlána til sérstakra framkvæmda í iðnaði.

Í stofnsamningi Iðnþróunarsjóðs er kveðið svo á að sjóðnum sé heimilt að ráðstafa allt að 10% af stofnfé sínu til styrkveitinga og til lána með sérstökum kjörum. Eins og fram kom í þeim iðngreinaathugunum, sem gerðar voru á árinu 1971, var talið að víða væri mikil þörf fyrir rekstrarráðgjöf og meiri stjórnunarþekkingu. Var fljótlega mótuð sú stefna að verja því fjármagni sem til ráðstöfunar var til styrkveitinga í margvísleg verkefni á þessum sviðum. Leitað var samstarfs við samtök iðnaðarins og voru skipulögð verkefni fyrir einstakar iðngreinar, t. d. húsgagnaiðnað, málmíðnað, fataiðnað o. fl. Ráðnir voru innlendir og erlendir rekstrarráðgjafar og héldu þeir námskeið fyrir stjórnendur og veittu auk þess ráðgjafabjónustu í fyrirtækjum. Oftast greiddi Iðnþróunarsjóður helming kostnaðar við beina ráðgjafabjónustu, en kostnaður við gerð kennslugagna og annan undirbúning var greiddur að fullu. Í sambandi við iðngreinaverkefni af þessu tagi voru skipulagðar kynnisferðir fyrir framleiðendur til Norðurlanda.

Ýmsar aðgerðir hafa verið hafnar til eflingar útflutningi, bæði af hálfu Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og af einstökum iðnfyrirtækjum. Hefur Iðnþróunarsjóður veitt styrki til slíkrar starfsemi, svo sem til markaðsathugana og kynningarstarfsemi.

Loks má nefna lán og styrki til vöruþróunar. Veittir hafa verið styrkir vegna frumrannsókna á nýtingu innlendra hráefna og vegna framleiðslutilrauna. Má í því sambandi nefna styrki til jarðefnarannsókna, til tilrauna með framleiðslu á þilplötum úr perlusteini, til þróunar á rafeindateækjum o. fl. Fjárstuðningur til vöruþróunar hefur bæði verið í formi styrkja og áhættulána, sem endurgreiðast með hluta af tekjum ef verkefnið leiðir til arðbærrar framleiðslu.

Í árslok 1979 hafði verið ráðstafað í styrki og áhættulán jafnvirði samtals 1.1 millj. Bandaríkjadala af þeim 1.4 millj. sem til ráðstöfunar voru. Miðað við gengi í árslok nemur heildarupphæð veittra styrkja og áhættulána 435 millj. krónum. Hlutfallsleg skipting eftir tegundum verkefna er eftirfarandi:

Ráðgjafabjónusta og iðngreinaathuganir	60%
Styrkir við útflutningsaðgerðir	14%
Vöruþróun, hagkvæmnisathuganir o. fl.	26%

Ýmis af þeim verkefnum sem sjóðurinn hafði frumkvæði að og styrkti í upphafi hafa verið yfirtekin af öðrum, svo sem Iðntæknistofnun, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og samtökum iðnaðarins. Stjórn sjóðsins telur engu síður nauðsynlegt að auka heimildir til að veita styrki og hagstæð lán til ýmissa verkefna, svo sem til rannsókna á nýjum iðnaði, vöruþróunar, markaðsathugana o. fl. Því var talið nauðsynlegt að aflað yrði aukinna heimilda til ráðstöfunar fjár í þessu skyni.

Í fyrsta lagi að sjóðurinn fái heimild til lántöku til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til að endurlána til sérstakra meiriháttar framkvæmda í iðnaði. Er það gert með breytingum á 5. mgr. 2. liðs og 2. mgr. 4. liðs.

Í öðru lagi að auknar verði heimildir skv. 4. lið samningsins til að veita styrki og hagstæð lán til rannsókna á nýjum iðnaði, vöruþróunar, markaðsathugana o. fl., er nemi 10% af eiginfé sjóðsins í upphafi árs 1980, og að við þá upphæð bætist árlega 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi 1980. Er það gert með því að bæta nýjum málslíð við 3. mgr. 4. liðs.

Ríkisstjórnir allra Norðurlanda samþykktu tillögu sem gerð var í samræmi við ákvörðun stjórnar sjóðsins um að gera viðbótarsamning við samninginn frá 1970 vegna þessara breytinga. Viðbótarsamningurinn var lagður fram í Reykjavík til undirritunar 29. apríl 1980. Var hann undirritaður af Íslands hálfu 2. maí 1980. Samningurinn öðlast gildi 5 dögum eftir þann dag er öll aðildarríki hafa tilkynnt, að uppfylltar hafi verið þær kröfur, sem gerðar eru til gildistöku í hverju landi fyrir sig.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. gr. laga nr. 9 13. febrúar 1970 hljóðar svo:

„Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunar-sjóðs fyrir Ísland (Nordisk Industrialiseringsfond for Island), sem gerður var í Reykjavík 12. desember 1969. Texti samningsins fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.“

Með þeim breytingum á greininni, sem gerðar eru í frumvarpi þessu, er lagt til að ríkisstjórninni sé heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingarnar, sem gerðar voru í Reykjavík 29. apríl 1980. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar þá skulu ákvæði samningsins, þannig breytt, hafa lagagildi hér á landi.

2. liður samningsins frá 12. desember 1969 (Fylgiskjal með lögnum nr. 9/1970) er svohljóðandi:

„Stofnfé sjóðsins skal vera jafnvirði 14 milljóna Bandaríkjadollara. Af stofnfénu skal hvert Norðurlandanna leggja fram eftirfarandi hluta:

	Milljónir Bandaríkjadollara
Danmörk	2.7
Finnland	2.7
Ísland	0.5
Noregur	2.7
Svíþjóð	5.4

Stofnféð skal lagt fram vaxtalaust til ráðstöfunar í jafnstórum árlegum fjárhæðum á 4 ára tímabili frá gildistöku degi samningsins.

Sjóðurinn skal innheimta framlögin hjá hinum norrænu ríkjum í samræmi við áðurgreinda skiptingu eftir því, sem starfsemi hans krefur.

Frá 10. ári skal sjóðurinn eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum í samræmi við áðurgreinda skiptingu til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar jafnvirði framlaga þeirra. Skal endurgreiðsla þessara framlaga að fullu lokið að enduðum 25 árum frá stofnun sjóðsins.

Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða sbr. 4. lið.

Þegar Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð eiga ekki lengur hlutdeild í stofnfé sjóðsins, samkvæmt áður nefndum ákvæðum um endurgreiðslu, fellur samningur þessi úr gildi, og sjóðurinn verður eign og undir stjórn íslenska ríkisins.“

4. liður samningsins hljóðar svo:

„Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

- Að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila.
- Að ábyrgjast lán, sem veitt eru af öðrum aðilum.

Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu og tekjum og skulu lánveitingar ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og forðast ónauðsynlega áhættu.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum, eða framlög m. a. til tækniástoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slik lán eða framlög mega samtals ekki nema meiru en 10% af stofnfénu.

Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða, sem hafa sama tilgang og sjóðurinn.

Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenskar lánastofnanir, sem veita lán til iðnaðar.“

Með breytingu þeirri sem lagt er til í frumvarpi þessu fær sjóðurinn heimild til lántöku til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til þess, í sérstökum tilvikum, að veita lán eða framlög til viðbótar við 10% af stofnfé sjóðsins, einnig 10% af eiginfé miðað við ársbyrjun 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Svo sem greinilega kemur fram í breytingunum á samningnum undir A, er ábyrgð samningsaðila takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma, en umfram þessa ábyrgð ber Ísland eitt ábyrgð á skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig, sbr. breytingarnar á 4. lið samningsins.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.